Mars 2023

# Nýtt og skilvirkara kerfi um atvinnuréttindi útlendinga utan EES



**Stjórnarráð Íslands**
Forsætisráðuneytið

## ÁSKORANIR SEM VIÐ STÖNDUM FRAMMI FYRIR

- Breytt heimsmynd vegna þess að fólki á vinnualdri mun fara hlutfallslega fækkandi.
- Kerfið fyrir dvalar- og atvinnuleyfi er flókið og tímafrekt hjá tveimur stofnunum og gerir fólki erfitt fyrir í umsóknarferlinu.
- Ísland stendur fremstu löndum að baki þegar kemur að því að laða fólk að og aðstoða þau við að verða fullgildir þátttakendur í samfélaginu.
- Ákvarðanataka í kerfinu getur verið tilviljanakennd og grundvallast á óljósu mati á vinnumarkaði og of þröngar skorður eru settar fyrir veitingu atvinnuleyfa

## FRAMTÍÐARSÝN

- Innflytjendastefna þarf að vera sveigjanleg til að geta brugðist við þróun og breytingum sem hafa áhrif á framtíðarhagsæld á Íslandi.
- Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem koma hingað til lands er að leita að bættum lífsgæðum og að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og mikilvægt er að íslenskur vinnumarkaður verði aðgengilegri þeim sem hingað vilja koma og réttindi starfsfólks séu virt og tryggð.
- Stefna ber að sem mestum menningar-, félags- og efnahagslegum ávinningi með innflytjendum á sama tíma og viðurkennt er að árangursrík aðlögun innflytjenda byggir á gagnkvæmni milli þeirra sem koma og íslensks samfélags.



# HVAÐA MARKMIÐUM ÆTLUM VIÐ AÐ NÁ?

- Markmið lagasetningar ætti að miðast við hvernig mæta eigi mannaflaþörf til að geta lagt grunn að alþjóðlegri samkeppnishæfni Íslands og áframhaldandi öflugu velferðarkerfi þar sem félagsleg réttindi starfsfólks eru tryggð.
- Mikilvægt að nýtt kerfi taki mið af aðstæðum á vinnumarkaði á hverju tíma með ákveðin grunnstef að leiðarljósi:

1. **Gegnsæi og fyrirsjáanleiki**
2. **Sanngirni og traust**
3. **Aukin skilvirkni**
4. **Stafræn þróun**




# TILLÖGUR STARFS-HÓPS SEM VERÐA INNLEIDDAR

1 Reglur um dvalar- og atvinnuleyfi verði rýmkaðar.

2 Stjórnsýsla verði einfölduð með sameiningu dvalar- og atvinnuleyfa.

3 Umsóknarferli um dvalarleyfi verði einfaldað og bætt með stafvæðingu.

4 Fyrirsjáanleiki verði tryggður með spá um mannaflaþörf.



# REGLUR RÝMKAÐAR

## LAGAFRUMVARP Í UNDIRBÚNINGI

1. Tímabundið atvinnuleyfi fylgi starfsmanni, ekki atvinnurekanda.
2. Lenging dvalarleyfa.
3. Sjálfstæðum atvinnurekendum gefið færi á að fá atvinnuleyfi.
4. Fjölskyldusameiningar vegna fleiri dvalarleyfa.
5. Undanþága frá kröfu um tímabundið atvinnuleyfi fyrir maka sérfræðinga.
6. Lengri umþóttunartími sérfræðinga til atvinnuleitar í kjölfar atvinnumissis.
7. Aukin réttindi erlendra háskólanema — atvinnuleit og framfærsluviðmið.

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



# HÖLDUM Í ERLENDA NÁMSMENN



# BJÓÐUM FJÖLSKYLDUR VELKOMNAR



# BETRI STJÓRNSÝSLU OG STAFVÆÐING

## SAMEINING LEYFA

- Dvalarleyfi, sem eru gefin út af Útlendingastofnun, og atvinnuleyfi, sem eru gefin út af Vinnumálastofnun, verða sameinuð í dvalarleyfi sem skipt verði í ólíka flokka og gefin út af Útlendingastofnun.
- Vinnumálastofnun falið aukið ráðgjafarhlutverk.

## STAFVÆÐING OG STJÓRNSÝSLUTÆKIFÆRI

- Til að gera umsóknarferlið aðgengilegra fyrir umsækjendur og auðvelda úrvinnslu umsókna er lagt til að áformum um stafvæðingu verði hraðað.
- Tækifæri eru til að stytta málsmeðferðartíma, auðvelda gagnaúrvinnslu, innleiða pappírslaust ferli og efla yfirsýn.



# GERUM KERFIÐ NOTENDAVÆNT



# FYRIRSJÁANLEIKI VERÐI TRYGGÐUR MEÐ SPÁ UM MANNAFLAÞÖRF

- Komið verði á fót nýju kerfi sem verði byggt á einfölduðu ferli dvalarleyfis með útvíkkuðum reglum og taki mið af vinnuaflsþörf sem Vinnumálastofnun vinnur að.
- Með vinnuaflsspá á sex mánaðafresti verði hægt að leggja mat á þörf fyrir vinnuafli, hvers konar færni vantar til að auka verðmætasköpun og einnig samsetningu vinnuafls út frá menntun.
- Vinnumálastofnun hættir í staðinn að gefa út atvinnuleyfi og samhliða verður ekki leitað umsagnar stéttarfélaga.

# EFTIRLIT MEÐ FÉLAGSLEGUM UNDIRBOÐUM VERÐI EFLT

- Tryggt verður að stjórnvöld hafi fullnægjandi upplýsingar og skýrar vald- og þvingunarheimildir, t.a.m. heimildir til að fjarlægja einstakling úr slæmu ráðningarsambandi.
- Stéttarfélög hafi áfram mikilvægu hlutverki að gegna við eftirlit með félagslegum undirboðum og fái áfram í hendur upplýsingar til að geta sinnt slíku eftirliti.





# BETRI GREININGAR OG MEIRI FYRIRSJÁANLEIKI

## NÆSTU SKREF

- Vinna við lagafrumvarp um rýmkun reglna.
- Tveir sérfræðingahópar undirbúa innleiðingu frekari tillagna.
- Samráð við aðila vinnumarkaðarins um útfærslur.

## ÝMSAR ÁSKORANIR FRAMUNDAN

- Inngilding
- Þátttaka
- Íslenska

